

LOFTSKIP
og fleira í vitrunum

Dr. Helgi Pétursson

1976

Loftskip

og fleira í vitrunum.

I.

Í fjórðu bók Esra, sem svo er nefnd, og annars ekki er mitt starf að fræða ykkur um frekar, segir frá því, er spámaðurinn sjer í vitrun örn fljúga yfir hafinu. Örninn hafði tólf vængi (það er tekið fram að þeir hafi verið með fjöðrum) og þrjú höfuð. En höfuðin sváfu, segir spámaðurinn. Er rjett hjer að nota orðið spámaður, þó að Esra sje vanalega ekki svo nefndur; orðið þýðir einmitt í fyrstu: sá sem sjer sýnir, fær vitranir; það er sömu merkingar og jeg hygg að orðið skáld hafi verið í fyrstu (skáaldi, sama og sjáaldi, sá sem sjer).

Örninn þessi hinn þríhöfðaði talaði, og spámaðurinn sá, að röddin kom ekki úr neinu af höfðunum, heldur úr miðjum búknum.

Mjer virðist þetta mjög eftirtektarvert, sem sjáandinn segir um rödd arnarins. Hefði örninn ekki verið annað en hans eigin hugarburður, þá virðist ekki ólíklegt að sjáandinn hefði gert sjer í hug að örninn mundi tala með nefinu. En hafi örninn verið í raun rjettri loftskip, sem spámaðurinn fjarskynjaði, þá verður þetta skiljanlegra, því að mennirnir eru ekki fremst í skipinu, eða fallbyssurnar, því að verið gæti að spámanninum hefði þótt sem skothvellir frá loftskipinu sem hann hugði vera örn, væru rödd arnarins; og í þá átt kynni það að benda fremur, að hann kemst svo að orði að hann hafi s j e ð

örninn tala. Enn mætti geta þess til að rödd „arnarins“ hefði komið frá hreyfivjelum skipsins.

Hugsum oss að svertingi, sem aldreí hefur heyrt um loftför getið, sjái flugskip í háa lofti, eða flugvjel; líklega mundi hann gera úr þessu fugl eða einhvern hjátrúardreka. Og enn þá fremur ef um fjarskynjun væri að ræða; sýnirnar laga sig eftir hugtökum þess sem fjarskynjar (eða hugsjer, sem er rjett að segja um það, er menn sjá með hinni svonefndu innri sjón, líta hugskotssjónum, það sem annar sjer með augunum, augsjer; hef jeg útlistað þetta nokkuð í ritgerð minni „á annari stjörnu“; vil jeg ráða mönnum til að halda saman ritgerðum mínum og lesa oftar en einu sinni; þá fara þeir að skilja. Einnig munu blöð, sem eru í greinar eftir mig, komast í verð síðar meir, hærra en menn hyggja nú).

Skýring mín á vitrun þeirri, sem hjer ræðir um, er sú, að spámaðurinn hafi orðið samhuga við einhvern sem sá loftskip; góðar athuganir sýna að samband getur komist á milli vitunda manna; mætti nefna þetta samvit eða samvitund. Mun jeg skýra frá þessum eignum nánar í ritgerð um samvit, og öðrum. En loftskipið, sem einhver augsá rjett, á hnettinum þar sem það var á flugi,—því að það var auðvitað á öðrum hnetti — varð í vitund hins svo nefnda Esra, sem aldreí hafði heyrt um flugskip getið, að lifandi ferlíki, sem honum helst kom til hugar að kalla örn.

Enn styður það þá skoðun, sem hjer er haldið fram, að spámaðurinn sjer það síðast til „arnarins“, að hann blossom upp; hefur mátt sjá loftskip fara svo á jörðu hjer á þessum síðustu tímum.

II.

Víkur nú að öðru vitranariti, sem Völuspá er nefnt; endar sú afar-merkilega kviða á þessu erindi:

Þar kömr enn dimmi
dreki fljúgandi,
naðr fránn neðan
frá Niðafjöllum;
berr sjer í fjöðrum
— flýgr völl yfir —
Niðhöggr nái;
nú mun hann sökkvask.

Líklega ræðir einnig hjer um loftskip, sem hin skygna kona, valan, hugsjer (fjarskynjar) fyrir áhrif af huga annars sem lítur það augum. Gerir spákonan úr flugskipinu dreka eða naðr (orm), sem er því skrítnari skepna, sem á honum eru vaxnar fjadrir. Þar sem sagt er að naðurinn beri nái í fjöðrum sjer, þá er líklega átt við skipshöfn flugfarsins. Þó að mennirnir sjeu kallaðir náir, þá er það ekki að marka; er slíkt í góðu samræmi við ýmsan misskilning forfeðra vorra á goðaheiminum; en á hnettinum, þar sem var Ásaheimur, verðum vjer að gera ráð fyrir að flugskip þetta hafi verið á ferð. Hugmyndirnar um Valhöll og Valkyrjur lýsa þessum misskilningi að nokkru leyti. En eitthvað kann þó að vera hæft í þeim hugmyndum, sem forfeðurnir gerðu sjer; oftar mun vera einhver fótur fyrir því sem menn hafa trúað; það sem þeir hafa misskilið er eitthvað. Það er dálítið líkt og með Grettistökin, sem að vísu eru til, þó að ekki sje það Grettir, sem unnið hefur þær aflraunir, heldur jökull.

En nafnið Valhöll hygg jeg líti einkum að því, að goðin, sem bjuggu til fjalla uppi, á hærri stöðum og erfiðari en svo að mönnum, sem minna vald hafa á kröftum náttúrunnar, sje þar byggilegt, höfðu vakandi auga á Miðgarði, þar sem mennirnir búa, og tóku stundum til sín, lifandi auðvitað, þá sem helst þróuðust í áttina til goðanna. Kom það fyrir, að slíkir voru uppnumdir í eldlegum vögnum, sem seinna verður minst á nokkru nánar. Kann vera að Einherjar sjeu þannig til komnir að nokkru leyti, sem hjer er gefið í skyn; þændir nafnið á samtök og samhug. En hugmyndin um Einherja virðist benda til þess, að vor goð hafi verið fremri guðum Grikkja og Rómverja; og eins það, sem sagt er af sambúð Óðins og Friggjar. (Nafnið hygg jeg eigi skylt við frið.) En að því er Hómer segir, þá kom skýsafnaranum Seifi ekki alt af sem best saman við hina mikileygu Heru, konu sína.

Vonandi misskilja menn ekki að þetta, sem nú er ritað, er skýringartilraun, sem verður lesendunum ljósari, hafi þeir í huga það sem segir í grein um guði, menn og apa í Morgunblaðinu hjer, 31. okt. 1915. Verður goðafræðin öll skiljanlegri og miklu skemtilegri og þýðingarmeiri, ef vjer gerum ráð fyrir því, sem náttúrufræðingi virðist afar líklegt, að á sumum hnöttu^{um} sje lífið vaxið upp í fullkomnari verur miklu, en mennirnir eru, og þó nokkurt samband

— fyrir lífeigslan, bioradiativt — þeirra á milli og mannanna. Blótin og blótveislurnar miðuðu að því að koma þess konar sambandi á, eða bæta það. Er mjer þetta ljóst orðið; perspeksi. Hafa slíkar verur, sem vaxnar eru upp úr því að geta heitið menskir menn, tekið sjer bústaði hátt til fjalla uppi, bæði af því, að þar er best til fjörgis (oxygenium), en goðin mjög áfram um að fara vaxandi að líkamsmagni; eru þeir „auknir jarðarmagni“ frekar miklu en mennirnir geta ímyndað sjer; og eins er á fjöllum uppi hægtast um samband við aðra goðheima. En þesskonar mök eru því meiri, sem lengra er komið. Hjá vorum goðum er t. d. Míms höfuð vera (líkamning, materialisation, „hamingi“) frá goðheimi sem er **Ásaheiminum mun æðri**; er þar vitað miklu meira en jafnvel Óðinn veit, og mun það þó vera talsvert meira en forfeður vora grundaði. Varast skulu menn að draga þá ályktun af orðum mínum að jeg sje að tala um annan heim í miðaldamerkingu. Guðirnir, sem hjer ræðir um, eru í þessari veröld og ekki yfirnáttúrlegir. Af goðum, og hvernig þau skapast upp úr mannkyni, líkt og mannkynið er til orðið af öpum, mun segja nánar í ritgerð, sem nefna mætti goðning (þeógeni, Gottwerdung); en nokkurs konar inngangur að þeirri ritgerð, verður grein um jarðfræði og heimsfræði (geologi og kosmologi).

III.

Í snildarkvæði því, sem nefnt er Sólarljóð (og jeg dáist að, ekki vegna trúar þeirrar sem þar kemur fram, heldur af því að það er afbragðs skáld sem ort hefur), er getið um loftfar í þessu erindi:

Vestan sák
fljúga vánar dreka
ok fell á Glævalds götu;
vængi skók
víða þótti mjer
springa hauður ok himinn.

Þessi vánar dreki hefur líklega verið flugvjel, sem skáldið hefur hugsjæð (fjarskynjað), og fjell hún í hafið (glævalds gata kynni að þýða það). Og það má gera sjer grein fyrir falli flugvjelarinnar á þá leið, að hún hafi verið skotin niður. Þar sem sjáandanum þótti springa hauður og himinn, þá voru það sprengikúlur, sem sprungu. Var þess engin von, að skáldið skildi rjett það, sem hann hugsá; sprengikúlur þektu menn ekki þá á þessari jörð, og heldur ekki flugvjelar; hjelt skáldið, að alt það, sem fyrir hann bar, gerðist í öðrum, andlegum heimi, og misskildi hann svo alt og lagaði eða öllu heldur aflagaði eftir trúarhugmyndum sínum. Mun það sannast fyr eða síðar að skýring mín á þessum efnunum er rjett í aðalatriðum; kemur það meðfram af því að menn eru ekki nógu lausir við miðaldarhugsunarhátt, ef þeir skilja þetta eigi. Vánar dreki getur verið þýði ekki annað en voða dreki (ván, váin sama sem voði). En vánar dreka mundi líka mega kalla loftförin, þegar þess er gætt, hve miklar vonir menn hafa gert sjer um þau. En hins vegar er ekki ólíklegt, að þeir, sem eiga slíkra sendinga von, sem sprengikúlurnar eru frá loftförunum, mundu vilja kalla þess konar dreka Niðhöggs nafni, eins og loftfarið er nefnt í Völuspá.

Frh.

Helgi Pjeturss.

Loftskip og fleira í vitrunum.

IV.

Skýring mín á Sólarljóðum, sem nú var vikið á, er lang eðlilegust. Skáldið fjell í dá, ef til vill í veikindum; skifti um til batans meðan hann lá í dáinu; bar margt undarlegt fyrir hann meðan „búkurinn lá sem sofinn eða dauður“; mundi skáldið, þegar ómeginið leið af honum, hvað fyrir hann hafði borið og orti um. Er ekki ókunnugt um ýmsar ferðir til „annars heims“, sem menn þykjast hafa farið, er líkaminn lá í dá. Mætti hjer minna á sögu þá um Pamfýlinginn Er, sem Plató segir frá í riti sínu um ríkið, og margt annað. En vitranir þessar eru þannig til komnar, að þegar mennirnir vissu ekki af líkama sínum, þá fengu þeir þátt í skynjun þeirra, sem heima eiga á öðrum hnöttum. Á lægra stigi eru þesskonar vitranir mjög algengar og heita draumar.

Að leita í öðrum heimi skýringar á slíku, áður en menn hafa leitað til þrautar hvort skýringuna megji ekki finna í þessum heimi, er ekki vísindalegt. En hinsvegar er það sprottið af miskilningi á mannlegu eðli, að ætla að sýnir og draumar sjeu ekkert annað en hugarburður mannsins sjálfs, myndir sem heili hans ætti þá að geta skapað, einmitt þegar hann er aflvana. Þesskonar kenningar um eðli drauma og vitrana, eru álíka viturlegar og ef menn hjeldu, að það væri myrkið, sem skapaði stjörnur.

V.

Margt mætti frá mínu sjónarmiði rita um Sólarljóð, þessa íslensku divina commedia, sem þolir að sumu leyti vel samanburð við hina ítölsku, þó að skemra sje miklu, og ljóðhátturinn sje ekki eins tígulgur og himinhendan (terzine). En jeg verð að láta það bíða. Þó vil jeg benda á, að orðin „sól ek sá“, sem eru í erindisupphafi sjo sinnum í röð, tákna ekki alt af sömu sýnina. Sól ek sá — sanna dagstjörnu, er eitt. Sól ek sá — setta dreyrstöfum, er annað. Virðist skáldinu sól sú, er hann sjer nú, á ýmsan hátt öðruvísi en sú sól, er hann hafði áður sjeð: máttug leizk — á marga vega — frá því's fyrri vas. Þriðja sýnin er það sem átt er við með orðunum: sól ek sá — svá þótti mjer — sem sæjak göfgan guð. Sólin, sem hann hafði sjeð áður, var himinhnöttur („sönn dagstjarna“); en sú sól, er segir frá í þessu erindi, er guðleg vera, björt sem sól að sjá. Skáldinu er þetta að vísu ekki fyllilega ljóst; fer honum líkt og annarsheimsfræðingnum Swedenborg, er auðsjáanlega blandar saman sjónum, sem ekki eru sama eðlis, þegar hann nefnir sól hins andlega heims (sol mundi spiritalis). Dulræna, nafn þitt er greiningarskortur, mætti segja, með fyrirmynd í hinum frægu orðum Hamlets. Í mystikinni (dulrænunni eða dulvísinni) er, eins og í draumum, blandað mjög saman, því sem ekki á að blanda saman; hafa margra ára athuganir á draumum, kent mjer að

greiða úr því sumu. — Sólarljóðaskáldið hafði ekki átt að sig á því til fulls að hann sá veru í mannsmynd, sem var björt sem sólin. Nú sjer hann enn sól sem er svo björt, að yfir tekur, og hann áttar sig á ennþá síður, en áður er hann hafði sjeð sól: Sól ek sá — svá hún geislaði — at þóttumk vætki vita. Fer sólarljóðaskáldinu þar líkt og Dante, er hann þykist að síðustu sjá ljómann af dýrð guðs. Orðin: Sól ek sá — sjónum skjálfandi — hræðslufullr og hnippinn, lúta að áhrifunum frá hinum deyjandi sálufjelaga skáldsins; verður hann jafnvel var við, að hjartað í sálufjelaganum er að hætta að slá; þess vegna er það sem hann segir: því at hjarta mitt — vas harla mjök — runnit sundr í sega. Það er einmitt eðli draumsins og vitrunarinnar, að mannum finst sem annars taugaástand sje sitt, eða fær þátt í annars taugaástandi. Til skýringar má nefna þessa tilraun: maður setti blek á tungu sína, og annar, sem verið var að gera tilraunir með, og ekkert vissi af þessu, fann blekbragðið, fjekk þátt í meðvitund hins. Orðin: Fjallavötn — lukusk fyrir mjer saman, benda til þess, að skáldið hafi einnig komist í samband við einhvern sem var að drukna. Sumar af vitrunum Swedenborgs benda greinilega til þess, að hann hafi komist í meðvitundarsamband við mann, sem var að deyja. Hjelt Swedenborg að það kæmi fram við sig, sem í raun rjettri kom fram við hinn deyjandi mann. Virðist hjer enn koma til greina vitundarsamband við æðri veru, en að vísu ekki „yfirnáttúlega“ eða „í öðrum heimi“. (Sbr. hjer „henósis“ Plotins). Frh.

Helgi Pjeturss.

Víkur nú aftur að loftförum í vitrunum. Þar sem Sólarljóðaskáldið kveðst hafa sjeð hvílu „hafðar haglega“ „á himingeislum“, þá getur hugsast að ræði um verur sem svífa í loftinu, tilfæringalaust, einungis með því að sigra þyngdaraflið; en þó getur verið að með orðinu hvíla sje táknað eins konar loftfar.

Ljósara er 74. erindið:

Hávar reiðir
sák með himnum fara
þær eiga götur til guðs;
menn þeim stýra,
es myrðir eru
alls fyr engar sakir.

Hjer segir skáldið, að því er mjer skilst, að hann hafi sjeð flugvjarlar, sem flugu hátt mjög. Að þær eigi götur til guðs þýðir það, að þær sjeu á leiðinni til Himnaríkis, til háfjallanna þar sem heima eiga hinar fullkomnu verur, sem vjer nefnum guði. Guð þýðir: hinn skínandi; sama þýðir Óðinn; það er sama orðið; kölluðu sumir Þjóðverjar Óðinn Gvóðan (Gwodan). Hvorttveggja er leitt af sögninni gvaða (vaða), sem í einni merkingu er sama sem að geisla. Af sömu rót er leitt Æsir (sbr. sanskrit vasu: hinn skínandi) og Vanir; þýðir hvorttveggja hinn skínandi. Er þetta mjög fróðlegt og mun rætt um það nánar í annað skifti.

Náttúrulega held jeg að það sje ein hver misskilningur hjá skáldinu, að stýrendur flugvjarlanna hafi myrtir verið; hygg jeg því fjarri fara, að hinum himnesku flugvjarlum stýri framliðnir. Má hjer nefna til samanburðar, að Níðhöggur er sagður bera sjer í fjöðrum ná, eins og áður var á minst.

Flugvjelarnar, sem Sólarljóðaskáldið kveður um, hafa verið líks eðlis og sú sem spámaðurinn Esajas talar um (66,15): „Því sjáið, drottinn kemur í eldi, hans vagn er sem vindbylur.“ Mun með þessum orðum vera átt við það, að vagn eða reið drottins, þ. e. líkrar veru og Óðinn var eða Seifur, sje eins og logandi og þjóti í loftinu með ærnum hraða og miklum gný. Ber þessu vel saman við lýsingu Hómers á himinreiðum goðanna. Talar hið blinda skáld — og þó skálda skyggnstur — um hina logandi kerru skýsafnarans Seifs, sem flýgur milli jaðarinnar og hins stirnda himinhvolfs. Eru það guðanna háðunandi hestar sem draga kerruna, segir hann. En mjer þykir þessir háðunandi lofthestar dálítið grunsamlegir, og kynni skáldinu þar að hafa missýnst. Sum ir munu segja að þrumur og eldingar hafi orðið mönnum efni í slíkar hugmyndir um guðavagna sem vikið var á. En það hygg jeg ekki sje; upptök sín eiga slíkar hugmyndir að minsta kosti í ofsjónum. (Frh.)

Helgi Pjeturss.

Löngu síðar en vitranir þær, sem nú var á vikið lítið eitt, eru sýnir Swedenborgs. Var Swedenborg hinn lærðasti maður og snillingur mikill í vísirddum, en skygn mjög hinn efra hlut æfi sinnar. Sýnir það í besta lagi hversu vandfarið er, þar sem ræðir um hina innri sjón, og hversu nauðsynlegt var að náttúruskoðun og skilningur á náttúrunni, kæmist lengra en orðið var á dögum Swedenborgs, að einnig þessi ágæti spekingur viltist, eins og spámenn höfðu gert á undan honum, og hjelt að það sem hann hugsá, væri í öðrum andlegum heimi sem ætti sjer ekki stað nje stund (mundus spiritualis sine tempore et spatio). En þó var Swedenborg kominn það nálægt hinni rjettu leið, að hann skildi um sumt það sem hann „sá“, að það gerðist á öðrum hnöttum. Og margt í því sem hann hefur ritað, hygg jeg sje, þrátt fyrir þennan meginmisskilning hans, sem minst var á, nær vísindum, en ritað höfðu eða sagt spámenn á undan honum.*

* Að kalla mig „Swedenborgianer“ er, þrátt fyrir aðdáun mína á þessum ágæta manni, ekki rjett, þar sem jeg trúi ekki á annan heim og ekki á anda. Mun jeg sýna fram á, svo að varla verður efað, að hinn andlegi heimur Swedenborgs er hnöttur, sem snýr alt af sömu hlið að sól, hefur bundinn möndulsnúning, sem kallað er. Er sá hnöttur orðinn roskinn mjög og lífið þar hið furðulegasta frásagnar. En af því er það aðallega, sem segir í riti Swedenborgsg um Himnaríki og Helvíti.

Margt er það í sýnum Swedenborgs, sem nefna mætti til dæmis um að það sem fyrir hann bar, var í rauninni annað en það sem hann hugðist sjá; þannig lýsir hann t. d. einu sinni greinilega eldgosi sem gerist í „öðrum heimi“, en hefur þó ekki hugmynd um að það er eldgos sem hann er að lýsa. Í annað skifti lýsir hann skjaldböfum sem hann sjer koma upp úr hafinu (í öðrum heimi, þessum sem að því er hann segir, hefur hvorki stað nje stund); en skjaldbökur þessar virðast eftir lýsingunni vera kafbátar (Vera christiana religio 462. gr.). Swedenborg hafði aldrei sjeð kafbát, slíkt var eins og menn vita ekki til á hans dögum á jörðu hjer, og þegar hann svo, fyrir vitundarsamband við einhvern á öðrum hnetti (eða veru sem veit alt til hnattar), þar sem kafbátar voru til, hugsjer þess konar skip, þá gerir ímyndun hans úr þessu skjaldböku, þó að höfuðið sem hann sjer koma upp, sje mannhöfuð. Fer Swedenborg þar líkt og þessum vitranamönnum sem áður var getið um, og gerðu, að því er jeg hygg, fugl eða dreka úr loftförum er þeir hugsáu. En þó sjá þeir að sum loftförin eru kerrur nokkurs konar, og eins fer Swedenborg; getur hann þess, að hann hafi sjeð englana í flugvögnum er þeir voru á ferð í andaheiminum (mundus spirituum). Andaheimurinn hjá Swedenborg er að eins nokkur hluti hins andlega heims (mundus spiritualis) og svarar til Miðgarðs í vorum goðasögum og til þess sem guðspekimenn (þeósofar) kalla astralheiminn. Miðgarður sá sem segir af í Eddunum er eins og astralheimurinn og anda-

heimurinn á öðrum hnetti. Mun jeg í annað skifti sýna fram á, að í Eddukviðunum sumum og eins í Iljónskviðu, er verið að segja frá mannkyni á öðrum hnetti, þar sem mistókst framþróunin, af því að mennirnir þar lærðu ekki nógu vel að meta sannleik og forðast fjandskap. Virðast talsverðar horfur á því, að eins muni ætla að fara á jörðu hjer.

VIII.

Í eitt skifti er talað um loftskip í því sem jeg hef lesið eftir Swedenborg (Vera chr. religio 462. gr.). Kveðst spámaðurinn hafa sjeð (í vitrun) skip í loftinu siglandi með 7 seglum. En mennirnir á skipinu höfðu hatta á höfðum og lárblaðsveiga yfir höttunum. Á Swedenborgs dögum voru ekki loftbelgir komnir til sögunnar á jörðu hjer, og því síður loftskip. Ekki fór þó Swedenborg eins og spámönnunum áður, að hann gerði dreka eða naður úr loftskipinu, heldur segir hann, að þetta hafi að eins verið hugarburður eða sjónhverfing, sem þeir í „öðrum heimi“ gerðu honum. En hitt mun þó satt vera, að Swedenborg hafi í raun rjettri fjar-skynjað loftskip, sem var á ferð, ekki í andaheiminum, heldur á öðrum hnetti. Vilji menn líta á mynd af Zeppelinsskipi, þá gætu þeir skilið hvers vegna Swedenborg virtist loftskipið vera með seglum. En hinn undarlegi höfuðbúningur bendir til þess, að einhverjir á skipinu hafi haft á höfðinu útbúnað til að taka á móti þráðlausum skeytum. Það þurfti ekki nema einn af loftskipsmönnum að vera svo búinn til þess að spámanninum virtist þeir allir vera það.

Helgi Pjeturss.

Athugasemd.

Snemma í fimta kafla ritgerðar minnar Loftskip o. s. frv. stendur skemra fyrir skemmri og ljóðháttur f ljóðaháttur; „sje“ á eftir því orði falli burt. Sje lesið heilaástand fyrir taugaástand, þar sem ræðir um eðli draums og vitrunar, skilja menn ef til vill betur. Kenningin er sú, að hverri hugsun eða tilfinning samsvari sjerstök geislan frá taugakerfinu, sem leitast við' að framleiða sömu hugsun eða tilfinning, þegar hún hittir á annað taugakerfi. Ástand eins heila leitast við að komast á í öðrum. Þjarlægðin getur ekki komið í veg fyrir að þetta verði, og það er þess vegna sem myndir, jafnvel úr öðrum sólkerfum, geti liðið um huga vorn.

H. P.
